
280. Vilhjálmur Árnason (Innlæg)

Virðulegi forseti. Ég vildi koma hingað upp til að leggja áherslu á nokkur atriði varðandi áframhaldandi vinnu í þessu máli og einnig þakka fyrir þá vinnu sem varð til þess að málið fór ekki eins og lagt var upp með það strax í upphafi frá ráðherranefndinni. Búið er að fara yfir málið og finna málamiðlunarlausn og annað. Mig langar að leggja áherslu á þau atriði sem þarf að halda áfram að fylgja fast eftir til þess að þessar stofnanir geti haldið áfram að sinna hlutverki sínu, margþættu hlutverki sínu. Þær sinna allar mikilvægum rannsóknum og störfum sem gagnast öllum löndunum. Það sem við höfum verið hrædd við, í Íslandsdeildinni og víðar, að því er ég hef heyrt, t.d. frá Noregi, er að ef fjármögnunin verður ekki samnorræn geti stöðugleikinn horfið á kostnað sveigjanleikans og svo getur samstarfið, norræna notendagildið, verið undir þannig að hver stofnun fari að einblína meira á stöðu og aðstæður í hverju landi fyrir sig. Það er t.d. mjög mikilvægt fyrir okkur á Íslandi að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um það sem er að gerast í Norrænu sjóréttarstofnuninni. Og svo gagnast annað mikilvægt sem við erum að gera á Íslandi hinum, nemendum frá Norðurlöndum og annað slíkt. Þessi fyrirsjáanleiki er mjög mikilvægur. Það hefur komið skýrt fram í störfum okkar í sjálfbærnefndinni að lagt er af stað með mjög margar rannsóknir en svo verður ekkert notagildi af þeim af því að framhaldsfjármögnunin er ekki tryggð, það er aldrei unnið neitt úr þeim. Því er mikilvægt að þessi atriði verði mjög skýr í þeirri vinnu sem fram undan er varðandi þetta mikilvæga mál.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president. Jag bad om ordet för att understryka några saker när det gäller det fortsatta arbetet med den här frågan, samt för att tacka för det

som gjordes för att undvika den hantering av frågan som ministerrådet avsåg redan i början. Frågan har debatterats och man har nått fram till en kompromiss med mera. Jag skulle vilja understryka de saker som vi måste fortsätta att följa upp kraftigt för att säkra att dessa institutioner kan fortsätta att fylla sin roll, som är mångsidig. Var och en av dem bedriver viktig forskning och gör ett arbete som är till nytta för alla länderna. Det som vi inom den isländska delegationen har oroat oss för, liksom flera andra enligt vad jag har hört, till exempel i Norge, är att om den nordiska finansieringen upphör finns det en risk att stabiliteten offras för att få en större flexibilitet, vilket kan medföra att samarbetet, den nordiska nyttan, nedprioriteras genom att varje institution börjar fokusera mer på situationen och omständigheterna i varje land för sig. Det är till exempel mycket viktigt för oss på Island att ha bra tillgång till information om det arbete som pågår i Nordiska institutet för sjörätt. Å andra sidan kan andra viktiga saker som vi jobbar med på Island vara till nytta för andra, studerande inom Norden och så vidare. Denna förutsägbarhet är mycket viktig. I vårt arbete i hållbarhetsutskottet har det tydligt visat sig att i många fall påbörjas forskning som sedan inte leder till någon som helst nytta eftersom ingen uppföljningsfinansiering beviljas och forskningens resultat bearbetas aldrig. Därför är det viktigt att fokusera mycket noga på dessa aspekter i det arbete som ligger framför oss i denna viktiga fråga.

Information

Talnummer

280

Type

Indlæg

Person

[Vilhjálmur Árnason](#)

Talerrolle

Den Konservative Gruppe

Dato

30.10.19 16:50

Sag

[Ministerrådsforslag om samarbejdsorganernes nordiske finansiering](#)

